

Nefndarálit

um frv. til l. um Námsmatsstofnun.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Margréti Harðardóttur og Þórunni Hafstein frá menntamálaráðuneyti, Einar Guðmundsson frá Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, Ólaf Proppé frá Kennaraháskóla Íslands, Friðrik K. Jónsson frá Háskóla Íslands, Guðmund Frímansson frá Háskólanum á Akureyri og Elnu K. Jónsdóttur frá Kennarasambandi Íslands. Umsagnir um málið bárust frá Tækniskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands, Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, fræðslu- og menningar sviði Mosfellsbæjar og Félagi íslenskra framhaldsskóla.

Með frumvarpinu fer fram endurskoðun á lögum um Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, nr. 76/1993, í samræmi við breytingar sem orðið hafa á síðustu árum á löggjöf á sviði menntamála. Í frumvarpinu er lagt til að heiti Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála verði breytt í Námsmatsstofnun og hlutverki hennar breytt þannig að hún annist hluta þeirra verkefna sem unnin hafa verið á vegum Rannsóknarstofnunar uppeldis- og menntamála. Lagt er til að lögbundið hlutverk Námsmatsstofnunar verði að annast prófagerð og prófaframkvæmd og rannsóknir tengdar námsmati, þar á meðal samanburðarrannsóknir við skólastarf í öðrum löndum. Gert er ráð fyrir að aðrar rannsóknir á sviði uppeldis- og menntamála færist til háskóla landsins en innan þriggja þeirra er unnið að rannsóknnum á því sviði. Við umfjöllun málsins kom fram að rannsóknir í háskólum eru mjög að eflast og breytingin því til þess fallin að styrkja þá í því starfi. Nefndin vill þó taka fram að mikilvægt er að áfram verði lögð áhersla á þann þátt rannsókna sem snýr að námsmati hjá Námsmatsstofnun þrátt fyrir breytingar á hlutverki hennar og telur nefndin afar brýnt að hún hafi möguleika á að vinna úr niðurstöðum samanburðarrannsókna við útlönd.

Varðandi umfang stofnunarinnar kom fram í máli fulltrúa menntamálaráðuneytis að ekki væri búist við því að umsvif stofnunarinnar ykjust verulega við breytinguna. Prófadeildin, sem er umfangsmesta deildin, mundi líklega stækka enn frekar vegna fyrirhugaðra samræmdra prófa í framhaldsskólum. Að öðru leyti yrðu umsvif stofnunarinnar ekki meiri en verið hefur.

Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að forstöðumaður stofnunarinnar þurfi að uppfylla nein hæfnisskilyrði. Ræddi nefndin það nokkuð og varð niðurstaðan sú að leggja til breytingu við frumvarpið þannig að gerðar yrðu svipaðar hæfniskröfur til forstöðumannsins og gerðar eru til háskólakennara en þó er ekki gert ráð fyrir dómnefnd við valið. Felur breytingartillaga nefndarinnar í sér að forstöðumaður skuli hafa lokið meistaraþrófi eða hafa jafngilda þekkingu og reynslu og hafa sýnt þann árangur í starfi að hann njóti viðurkenningar á starfs sviði sínu.

Í 6. gr. frumvarpsins er að finna mjög almenna reglugerðarheimild. Að mati nefndarinnar er einungis þörf á reglugerðarheimild við 2. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er um verkefni stofnunarinnar og leggur til breytingu í samræmi við það.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Kolbrún Halldórsdóttir og Sigríður Jóhannesdóttir skrifa undir álitid með fyrirvara. Einar Már Sigurðarson og Kristinn H. Gunnarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. des. 2000.

Sigríður A. Þórðardóttir,
form., frsm.

Árni Johnsen.

Kolbrún Halldórsdóttir,
með fyrirvara.

Ólafur Örn Haraldsson.

Sigríður Jóhannesdóttir,
með fyrirvara.

Tómas Ingi Olrich.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir.